

1866.

29. sept.

81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun handa Eggerti umboðsmanni Gunnarssyni.

Í bréfi dagsettu 4. júnímán. þ. á. hafid þér, herra amtmáður, skýrt frá, að Eggert Gunnarsson, umboðsmaður yfir norðurhluta Múkaþverár klausturs, hafi í fyrra sumar eptir skipun amtsins farið austur í Þingeyjar sýslu, útaf ymsum landa- og rekaprætum millum nokkurra af jörðum umboðsins og ýmissa jarðeigenda, og að umboðsmanninum hafi tekizt að koma sættum á um allar þessar þrætur, þannig, að málspartarnir, sem á móti voru, létu af öllu tilkalli til jarðaskika þeirra og rekaparta, sem úgreiningurinn var um. Vegna þess hafid þér beiðzt samþykkis stjórnarráðsins til, að þér hafid leyft Eggerti umboðsmanni Gunnarssyni að tilgreina meðal gjaldanna í umboðsreikningi hans, fyrir reikningsárið sem leið, 38 rd., sem eru upphæð reiknings frá honum yfir ferðakostnað hans og fæðispeninga.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefid, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörid þær ráðstafanir sem með þarf, að stjórnarráðið samkvæmt reglu þeirri, sem sett er í rentukammerbréfi 19. júnímán. 1846, ekki getur veitt samþykki það, sem þér hafid beiðid um, nema að því er snertir næstsíðasta lið reikningsins (3 rd., borgun til áreiðarmanna), en aptur á móti hefir stjórnarráðið eptir málavöxtum ekkert að því að finna, að umboðsmanninum sé veittir 25 rd. í auka-þóknun fyrir dugnað þann, sem hann hefir sýnt í þessu efni, og að þeir sé tilfærdir meðal gjaldanna í umboðsreikningi hans.

2. október.

82. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um altaristöflur handa nokkrum kirkjum, sem eru konungseign.

Útaf því, að umboðsmaðurinn yfir Kirkjubæjar- og Þykkva-bæjarklausturs jörðum hefir skýrt frá, að það vanti altaristöflur